

Áfangi: ENS 204 – Vorönn 2011

Undanfari: Enska 103

Kennari: Ingibjörg Ingadóttir

Áfangalýsing:

Í áfanganum er lögð áhersla á sjálfstæðan lestur, málfræði, verkefnagerð og talmál. Kennsla fer fram á ensku og ætlast er til þess að nemendur svari kennara á ensku. Einnig er mikilvægt að nemedur geti með góðu móti lesið 3 skáldsögur yfir önnina og gerðar eru meiri kröfur um sjálfstæð vinnubrögð en í Ensku 103. Áfram er haldið með alhliða tal og talmálsþjálfun með mismunandi hætti en Veraldarvefurinn er ótæmandi upplýsingabanki þar sem nemendur sjálfir afla sér upplýnga og geta þannig hlustað á tónlist, notið upplesturs og annars konar fræðslu. Nemendur eiga að geta lesið talsvert þunga texta t.d. úr dagblöðum, tímaritum og kunna skil á þeim ólíku skáldverkum sem tekin verða til umfjöllunar og unnin verða verkefni úr. Áhersla er lögð á að auka orðaforða og nemendur eiga að geta skilið einfalt, ótextað sjónvarpsefni eða hlustunarefni og getað fylgst með og skilið orðaræðu um ólíka efnisflokka, en til þess nýtum við þá miðla sem völ er á. Unnið er með valda kafla úr kennslubók, efni á Netinu og eða það sem útbúið er af kennara. Í skriflega þættinum er gerð krafa um flóknari setningaskipan, námkvæmari orðaforða og skipulegri framsetningu en í fyrri áfanga.

Markmið:

Að nemendur:

- þekki til ólíkra enskumælandi menningarheima, t.d. Ástralía, Nýja Sjáland
- kunni skil á ólíkum þjóðfélagsaðstæðum bæði í Bretlandi og N-Ameríku
- fái innsýn inni daglegt líf og menningu, t.d. trúarbrögð, stjórnmál
- þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og í talmáli
- átti sig á bakgrunni ensks samfélags í dag og sögu enskrar tungu
- geti unnið með þá ólíku efnisflokka sem farið verður í á önninn

Kennslugögn:

Total English, Advanced, text book
Of Mice and Men: John Steinbeck
A View from the Bridge: Arthur Miller
No 1 Ladies' Detective Agency: Alexander, McCall- Smith
Gagnvirkar málfræðiæfingar á Netinu
Orðabók.is, Orðabók: ensk-íslensk

Vert er að minna nemendur á að lögð verður áhersla á að vinna jafnt og þétt alla önnina.

Námsmat: Símat sem felst í ritgerð, myndbandagerð og mismunandi verkefnavinnu 60%, jafningjamat þar sem nemendur meta vinnu hvers annars 20%, munnlegt próf 10% og sjálfsmat í lok annar 10%.